

# **Samkomulag**

## **um breytingu og framlengingu kjarasamnings**

### **Kjarafélags viðskiptafræðinga og hagfræðinga og Ríkisútværpsins ohf.**

Kjarasamningur Kjarafélags viðskiptafræðinga og hagfræðinga (KVH) og Ríkisútværpsins ohf. (RÚV ohf.) framlengist til 28.febrúar 2015 með svofelldum breytingum:

**Markmið samningsaðila** með þessu samkomulagi eru að breyta kjarasamningi aðila þannig að auka megi sveigjanleika launamyndunarkerfisins og gera það skilvirkara, þannig að tekið verði mið af sameiginlegum þörfum RÚV ohf. og þeirra starfsmanna sem undir samning þennan heyra.

Með gerð þessa samkomulags hefur RÚV ohf. og KVH ákveðið að fella niður launatöflu og lágmarksviðmið launa starfsmanna. Í stað þess er ráðgert að um laun og önnur starfskjör fari samkvæmt ákvæðum persónubundinna ráðningarsamninga.

#### **1. gr.**

Um laun og önnur starfskjör skal samið sérstaklega í skriflegum ráðningarsamningi. Um fjárhæð launa, samsetningu þeirra, grundvöll álags- og viðbótargreiðslna o.p.h. skal fara samkvæmt ákvæðum skriflegs ráðningarsamnings.

Heimilt skal að semja um föst mánaðarlaun starfsmanns í slíkum ráðningarsamningi (fastlaunasamningur) þar sem tilgreind eru heildarlaun starfsmanns vegna starfa í þágu RÚV ohf.

#### **2. gr.**

**Orlofsuppbót** fyrir orlofsárið sem hefst 1. maí 2014 miðað við fullt starf á árinu 2014 verður kr. 39.500. **Desemberuppbót** miðað við fullt starf er á árinu 2014 kr. 73.600.

*Vid*  
*MM*  
*Ah W.*

**3.gr.**

Samningur þessi öðlast gildi frá 1. febrúar 2014 og gildir til 28. febrúar 2015 og fellur þá úr gildi án sérstakrar uppsagnar.

Samningsaðilar skulu bera samning þennan upp á lögformlegan hátt til afgreiðslu. Hafi gagnaðila ekki borist tilkynning um niðurstöðu fyrir kl. 16:00 þann 7. júlí 2014 skoðast samningurinn samþykktur. Atkvæðisbærir félagsmenn stéttarfélagsins um samning þennan eru einungis þeir sem starfa hjá RÚV ohf.


Reykjavík, 30. júní 2014.

F.h. Kjarafélags viðskipta og hagfræðinga  
með fyrirvara um samþykki félagsmanna



Þóra Þórssdóttir

F.h. Ríkisútvarpsins ohf.




## Bókun 1

Aðilar eru sammála um að vinna að og ganga frá nýjum heildartexta samnings á samningstímanum með það fyrir augum að gefa út endurskoðaðan heildarsamning.

Reykjavík, 30. júní 2014

F.h. Kjarafélags viðskipta og hagfræðinga  
með fyrirvara um samþykki félagsmanna

  
Anna Ósk Þórunn Ólafsdóttir

F.h. Ríkisútvarpsins ohf.

  
Margrét Magnúsdóttir  
Guðrún Ólafsdóttir